

Nefndarálit

um till. til þál. um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólöfu Hrefnu Kristjánsdóttur frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögnum er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2005 frá 8. júlí 2005, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB frá 27. september 2001 um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði.

Markmið gerðarinnar er að hvetja til frekari notkunar á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum og er gert ráð fyrir að EES-ríkin setji sér markmið um að auka slíka raforkuframleiðslu.

Innleiðing gerðarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 19. apríl 2006.

Halldór Blöndal,
form., frsm.

Össur Skarphéðinsson.

Drífa Hjartardóttir.

Jón Gunnarsson.

Bjarni Benediktsson.